



Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar

**Lífeyrissjóður starfsmanna
Akureyrarbæjar
Ársreikningur 2011**

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar
Strandgötu 3
600 Akureyri

kt. 510169-3799

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Áritun tryggingastærðfræðings	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8
Kennitölur	13

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar er tryggingasjóður sem skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild.

Alls greiddu 151 sjóðfélagar hjá 8 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 11 á árinu. Iðgjöld námu samtals 201 milljón króna og hækkuðu um 2,3% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 146.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 400 milljónum króna og hækkuðu um 9,1% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþega 399 í árslok.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 8.076 milljónum króna og hækkaði um 5,7% frá fyrra ári.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 8,34% og hrein raunávöxtun var 2,96% samanborið við 5,94% nafnávöxtun og 3,25% raunávöxtun á árinu 2010. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ár er 2,55% og 4,60% s.l. 10 ár.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2011. Samkvæmt matinu nema áfallnar skuldbindingar sjóðsins 12.441,2 milljónum króna og eignir til tryggingafræðilegs uppgjors kr. 8.489,3 milljónum króna. Áfallnar skuldbindingar nema því 3.951,9 milljónum króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir 68,2% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2,0% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldgreiðslur skapa, nema 4.922,7 milljónum króna hærri fjárhæð en eignir eða sem nemur 35,3% af skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 515,4 milljónir króna á árinu.

Stjórnin reiknar með að rekstur sjóðsins verði með svipuðu sniði á næsta ári.


Sjóðurinn hefur ekki launaða starfsmenn, en er með samning við Stapa lífeyrissjóð um rekstur.

Bæjarsjóður Akureyrar er ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2011 með áritun sinni.

Akureyri, 14. mars 2012

Stjórn:



 Hannes Björnsson

 Oddur Halldór Halldórsson

 Hanna Þóra Sveinsdóttir

 Anna Jakobsdóttir Björnsdóttir

Framkvæmdastjóri



 Þóris Sniær Þórisson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Akureyri 14. mars 2012

Deloitte ehf.

Hólmgrímur Bjarnason

Hólmgrímur Bjarnason
endurskoðandi

Aðalsteinn Sigurðsson

Aðalsteinn Sigurðsson
endurskoðandi

Áritun tryggingastærðfræðings

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar í árslok 2011. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim. Meðal annars er miðað við lífslíkur áráanna 2004-2008 og 2,0% vexti p.a. umfram laun.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í skýringu nr. 14.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhalda sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2011. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga, sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni eru núvirt miðað við árslok 2011. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skulda-bréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 2,0% ársvexti umfram breytingar launa.

Niðurstaða mín er sú að nokkuð skorti á að Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar geti staðið við þessar skuldbindingar, bæði þær sem þegar eru áfallnar og þær sem til stofnast í framtíðinni, miðað við viðurkenndar forsendur um tryggingafræðilegar athuganir á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða ef eingöngu er litið til eigna sjóðsins og verðmætis iðgjalda. Launagreiðendum ber að auki skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum, og að teknu tilliti til þeirra greiðslna má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Reykjavík, 14. mars 2012



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu 2011

	Skýringar	2011	2010
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga.....		19.149	20.085
Iðgjöld launagreiðenda.....		182.253	176.870
Réttindaflutningur og endurgreiðslur.....		(116)	(233)
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði.....		2.437	2.104
<i>Iðgjöld</i>	3	<u>203.723</u>	<u>198.826</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir.....	4	<u>400.488</u>	<u>366.971</u>
<i>Lífeyrir</i>		<u>400.488</u>	<u>366.971</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum.....	5	(112)	0
Vaxtatekjur og gengismunur.....	5	665.021	443.450
Breyting á niðurfærslu.....	10	(7.820)	9.381
<i>Fjárfestingartekjur</i>		<u>657.089</u>	<u>452.831</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	6	5.324	5.077
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7	22.751	14.252
Hækkun á hreinni eign á árinu			
Hrein eign frá fyrra ári.....		<u>7.643.265</u>	<u>7.377.908</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u><u>8.075.514</u></u>	<u><u>7.643.265</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	Skýringar	2011	2010
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	2, 8	338.567	373.696
Verðbréf með föstum tekjum.....	2, 9	7.540.602	7.066.224
Veðlán.....	9	43.302	47.702
<i>Fjárfestingar</i>		<u>7.922.472</u>	<u>7.487.622</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendum.....		37.539	33.314
<i>Kröfur</i>		<u>37.539</u>	<u>33.314</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán.....		365.771	345.401
<i>Aðrar eignir</i>		<u>365.771</u>	<u>345.401</u>
Eignir samtals		8.325.782	7.866.337
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir.....	11	234.453	217.086
Aðrar skuldir.....		15.815	5.986
<i>Skuldir</i>		<u>250.268</u>	<u>223.072</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>8.075.514</u>	<u>7.643.265</u>
Mat á áunnum lífeyrisskuldbindingum	14		

Sjóðstreymi ársins 2011

	Skýringar	2011	2010
Inngreiðslur			
Iðgjöld.....		199.497	198.826
Fjárfestingartekjur		405.483	458.904
Afborganir verðbréfa.....		273.584	239.854
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....		56.757	78
Seld verðbréf með föstum tekjum.....		517.199	296.911
Aðrar inngreiðslur.....		0	8.850
		<u>1.452.521</u>	<u>1.203.423</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir.....		400.488	366.971
Fjárfestingargjöld.....		5.324	5.077
Aðrar útgreiðslur.....		12.922	14.252
		<u>418.733</u>	<u>386.300</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		1.033.787	817.123
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum.....		261	242.716
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum.....		1.013.157	1.177.518
		<u>1.013.418</u>	<u>1.420.234</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum		20.370 (603.110)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		345.401	948.512
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>365.771</u>	<u>345.401</u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem berast sjóðnum. Iðgjöld eru flokkuð eftir því hvort þau eru greidd af sjóðfélögum sjálfum eða eru mótframlag launagreiðanda. Framlög vegna jöfnunar á örorkubyrði eru hluti af tryggingagjaldi en framlaginu er ætlað að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða.

1.3 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur sjóðsins til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri.

1.4 Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum er færður arður af hlutabréfaeign. Ennfremur breytingar á gengi skráðra hlutabréfa og gengismunur ef eignir eru skráðar í erlendum gjaldmiðlum og hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa.

Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismunur eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum og bankainnstæðum. Einnig er hér færður gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum og bankainnstæðum sem eru í erlendum gjaldmiðlum sem og breytingar á verði eða söluhagnaður/-tap af hlutdeildarskírteinum og afleiðusamningum.

1.5 Rekstrarkostnaður

Undir rekstrarkostnað fellur allur kostnaður við daglegan rekstur sjóðsins. Rekstrarkostnaður sem tengist eignaumsýslu er færður sérstaklega undir liðnum fjárfestingargjöld.

2. Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast skammtímabréf verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum og vöxtum m.v. vaxtakjör verðbréfanna að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hefur sérstök áhætta verið metin jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

Skýringar

3. Iðgjöld

	2011	2010
Iðgjöld sjóðfélaga	19.149	20.085
Iðgjöld launagreiðenda	37.567	40.276
Viðbótarframlög stofnana, launagreiðendur	144.687	136.593
Réttindaflutningar	(116)	(233)
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði	2.437	2.104
Iðgjöld samtals	<u>203.723</u>	<u>198.826</u>

4. Lífeyrir

Ellilífeyrir	308.148	278.278
Örorkulífeyrir	15.090	18.830
Makalífeyrir	76.992	69.781
Barnalífeyrir	258	82
Lífeyrir samtals	<u>400.488</u>	<u>366.971</u>

5. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum	(112)	0
Tekjur af innlendum hlutdeildarskírteinum	14.280	(11.251)
Tekjur af skuldabréfasjóðum	19.494	19.006
Tekjur af skammtímasjóðum	350	6.730
Tekjur af markaðsverðbréfum	625.279	352.110
Tekjur af veðskuldabréfum	4.600	3.928
Tekjur af erlendum skuldbréfum	0	78
Tekjur af bankainnstæðum	18.385	88.930
Tap af gengisvörnum	(17.367)	(16.080)
Vaxtatekjur og gengismunur samtals	<u>665.021</u>	<u>443.450</u>
Breyting á niðurfærslu skuldabréfaeignar	(7.820)	9.381
Fjárfestingartekjur samtals	<u>657.089</u>	<u>452.831</u>

6. Fjárfestingargjöld

	2011	2010
Hlutdeild í rekstrarkostnaði	5.324	5.077
	<u>5.324</u>	<u>5.077</u>

7. Rekstrarkostnaður

Laun og launatengd gjöld stjórnar og endurskoðunarnefndar	595	495
Rekstrarþóknun	15.972	15.232
Sérstakt gjald í ríkissjóð vegna vaxtaniðurgreiðslu	6.222	0
Annar rekstrarkostnaður	5.287	3.602
Rekstrarkostnaður samtals	<u>28.075</u>	<u>19.329</u>
Fært á fjárfestingargjöld	(5.324)	(5.077)
	<u>22.751</u>	<u>14.252</u>

Skýringar

8. Verðbréf með breytilegum tekjum

Innlend verðbréfaeign:

Peningamarkaðssjóðir	16.132	32.627
Skuldabréfasjóðir	322.435	340.957
Innlend hlutabréf	0	112
Samtals	<u>338.567</u>	<u>373.696</u>

9. Verðbréf með föstum tekjum

Markaðsbréf:

Ríkisbréf	5.947.574	5.504.553
Önnur innlend markaðsskuldabréf	1.845.653	1.806.424
Niðurfærsla verðbréfa með fastar tekjur	(252.625)	(244.752)
Verðbréf með föstum tekjum samtals	<u>7.540.602</u>	<u>7.066.225</u>

Veðskuldabréf:

Veðskuldabréf sjóðfélaga	43.842	48.293
Niðurfærsla verðbréfa með fastar tekjur	(540)	(592)
Veðskuldabréf samtals	<u>43.302</u>	<u>47.701</u>
Verðbréf með föstum tekjum samtals	<u>7.583.904</u>	<u>7.113.926</u>
Niðurfærsla verðbréfa í heild	(253.164)	(245.344)

Af skráðum skuldabréfum, þar sem kaupverð lá fyrir í Kauphöll Íslands í árslok, var markaðsverð þeirra 333,2 mkr. hærra en bókfært verð. Verðbréf sjóðsins eru í íslenskum krónum.

Skýringar

10. Niðurfærsla verðbréfa

	2011	2010
Niðurfærsla 1.1.	245.344	254.725
Breyting á almennri niðurfærslu	191	889
Niðurfærsla færð út	0	(65.502)
Sértæk niðurfærsla á árinu	7.629	55.232
Niðurfærsla 31.12.	<u>253.164</u>	<u>245.344</u>

11. Skuldir

Skuldir við lánastofnanir:

Staða skiptasamninga	234.453	217.086
	<u>234.453</u>	<u>217.086</u>

Aðrar skuldir:

Ógreiddur kostnaður	9.594	5.986
Ógreidd opinber gjöld	6.222	0
	<u>15.815</u>	<u>5.986</u>
Samtals	<u>250.268</u>	<u>223.072</u>

12. Gjaldmiðlaáhætta og afleiðusamningar

Til að draga úr gengisáhættu gerði sjóðurinn afleiðusamninga við gömlu viðskiptabankana fyrir hrun bankakerfisins. Þessir samningar voru hluti af samningi við viðkomandi banka um stýringu á gjaldeyrisáhættu fyrir sjóðinn. Við fall bankanna kom upp óvissa um þessa samninga þ.e., hvort forsendur þeirra hafi brostið og þá hvenær, hvort bæri að ógilda þá og víkja þeim frá, eða hvort þeir héldu gildi sínu fram til umsamins gjalddaga, þrátt fyrir þrot bankanna. Veruleg óvissa hefur ríkt um verðmæti samninganna og hvort greiðsluskylda vegna þeirra sé fyrir hendi hjá sjóðnum. Erfiðlega hefur gengið að ná samningum um málið og ólíklegt að úr því verði skorið nema fyrir tilstilli dómstóla. Verði niðurstaðan sú að sjóðurinn þurfi að gera samningana upp að fullu miðað við ítrustu kröfu bankanna þá versnar staða sjóðsins um 169,5 milljónir króna.

Í ársreikningi þessum er staða samninganna metin eins og hún var í byrjun október 2008 mv. gengisvísitöluna 175, auk reiknaðra samningsvaxta frá þeim tíma til loka árs 2011.

13. Aðrar upplýsingar

Sjóðurinn er með rekstrarsamning við Stapa lífeyrissjóð og hefur enga starfsmenn á launaskrá og hefur ekki veitt framkvæmdastjóra né stjórnarmönnum lán eða ábyrgðir.

Laun stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar á árinu greinast þannig:

Arna Jakóbína Björnsdóttir, stjórn og endurskoðunarnefnd	91
Fjóla Björk Jónsdóttir, endurskoðunarnefnd	26
Eiríkur Björn Björgvinsson	130
Halla Björk Reynisdóttir	26
Hanna Rósa Sveinsdóttir	65
Hermann Jón Tómasson, stjórn og endurskoðunarnefnd	91
Oddur Helgi Halldórsson	65
Regína Þorbjörg Reginsdóttir	13
Samtals	<u>507</u>

Greiðslur til endurskoðenda á árinu voru 1.949 þús. kr. þar af var greiðsla vegna innri endurskoðunar 691 þúsund króna

Greiðslur til Fjármálaeftirlitsins á árinu voru 1.891 þús. kr.

Greiðslur til tryggingarstærðfræðings á árinu voru 1.268 þús. kr.

Skýringar

14. Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem gerð hefur verið á stöðu sjóðsins í árslok 2011 námu áfallnar skuldbindingar 3.951,9 milljónum króna hærri fjárhæð en eignir og heildarskuldbindingar námu 4.922,7 milljónum króna hærri fjárhæð en eignir. Matið var framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 og er miðað við 2% ársvexti umfram laun. Auk greiðslu iðgjalda ber þeim stofnunum sem greitt hafa til sjóðsins að endurgreiða honum allar hækkningar sem verða á lífeyri eftir að hann hefur verið úrskurðaður.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 515,4 milljónir króna á árinu.

Niðurstaða framreiknaðs mats bendir til þess að framtíðariðgjöld sjóðsins leiði til skuldbindinga sem eru mun hærri en það sem iðgjöldin og ávöxtun þeirra geta staðið undir miðað við núverandi samþykktir sjóðsins.

Sjóðnum hefur verið lokað fyrir nýjum félögum.

Niðurstaða matsins er sem hér segir:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	8.075,5		8.075,5
Núvirði verðbréfa.....	496,2		496,2
Fjárfestingarkostnaður.....	(82,4)	(82,4)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		521,2	521,2
Eignir samtals	8.489,3	521,2	9.010,5
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir.....	9.525,0	1.182,4	10.707,4
Örorkulífeyrir	357,9	51,0	408,9
Makalífeyrir	2.345,4	220,6	2.566,0
Barnalífeyrir.....	2,6	4,0	6,6
Rekstrarkostnaður	210,3	34,0	244,3
Skuldbindingar samtals	12.441,2	1.492,0	13.933,2
Skuldbindingar umfram eignir.....	(3.951,9)	(970,8)	(4.922,7)
Eignir sem hlutfall af skuldbindingum.....	68,2%	34,9%	64,7%
Hrein eign umfram skuldbindingar	-31,8%	-65,1%	-35,3%
Skuldbindingar umfram eignir 1.1.2011.....	(3.342,8)	(1.064,5)	(4.407,3)
Skuldbindingar umfram eignir 31.12.2011	(3.951,9)	(970,8)	(4.922,7)

Kennitölur

Skýring:	2011	2010	2009	2008	2007
Nafnávöxtun	8,34%	5,94%	12,04%	15,71%	10,12%
Nafnávöxtun - 5 ára meðaltal	10,38%	11,61%	13,38%	13,96%	13,09%
Raunávöxtun..... 1	2,96%	3,25%	3,13%	-0,56%	4,02%
Raunávöxtun - 5 ára meðaltal	2,55%	3,35%	4,68%	6,15%	8,00%
Raunávöxtun - 10 ára meðaltal	4,60%	4,30%	4,31%	4,93%	6,24%
Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum	2 0,29%	0,19%	0,19%	0,22%	0,27%
Fjárfestingargjöld sem hlutfall af eignum	2 0,07%	0,07%	0,08%	0,08%	0,10%
Heildarkostnaður sem hlutfall af eignum	2 0,36%	0,32%	0,32%	0,30%	0,37%
Samsetning eigna: 3					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	4%	5%	2%	1%	25%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	81%	79%	74%	66%	63%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	10%	11%	11%	13%	12%
Veðlán	1%	1%	1%	1%	1%
Aðrar eignir	4%	5%	13%	19%	0%
Skipting eigna eftir gjaldmiðlum: 4					
Eignir í íslenskum krónum	100%	100%	100%	99%	85%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	0%	0%	0%	1%	15%
Hlutfallsleg skipting lífeyris: 5					
Ellilífeyrir	76,9%	75,8%	77,5%	77,4%	75,3%
Örorkulífeyrir	3,8%	5,1%	4,4%	4,9%	5,9%
Makalífeyrir	19,2%	19,0%	18,0%	17,6%	18,6%
Barnalífeyrir	0,1%	0,0%	0,0%	0,1%	0,2%
Lífeyrisbyrði	6 196,6%	184,6%	169,6%	164,6%	155,7%
Heildarfjöldi launagreiðenda á árinu	8	8	8	8	8
Virkir sjóðfélagar.....	146	157	166	171	185
Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga..... 7	151	162	173	191	202
Fjöldi lífeyrisþega í árslok.....	399	388	374	345	322
Hækkun (lækkun) iðgjalda frá fyrra ári	2,3%	-3,8%	10,1%	6,2%	12,3%
Hækkun lífeyrisútgjalda	9,1%	4,8%	13,4%	12,4%	19,6%
Hækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5,7%	3,6%	9,8%	13,5%	149,0%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	8 -35,3%	-34,3%	-33,6%	-37,9%	-36,2%
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	9 -31,8%	-30,2%	-29,1%	-33,6%	-31,1%
Starfsmannafjöldi	0	0	0	0	0
Hækkun vísitölu neysluverðs	5,23%	2,61%	8,63%	16,36%	5,86%
Ávöxtun einstakra eignaflokka:					
<i>Nafnávöxtun:</i>					
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	0,0%	0,0%	-63,1%	-49,1%	-18,2%
Erlend hlutabréf	0,0%	0,0%	0,0%	7,1%	0,3%
Ríkisstryggð skuldabréf	8,3%	6,5%	12,3%	21,2%	10,7%
Önnur innlend skuldabréf	12,2%	4,0%	20,3%	6,8%	12,1%
Erlend skuldabréf	0,0%	3,6%	34,3%	-2,5%	4,5%
Skammtímaabréf	2,4%	9,1%	15,5%	1,7%	14,1%
<i>Raunávöxtun:</i>					
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	0,0%	0,0%	-66,0%	-56,3%	-22,7%
Erlend hlutabréf	0,0%	0,0%	-7,9%	-8,0%	-5,3%
Ríkisstryggð skuldabréf	2,9%	3,8%	3,4%	4,2%	4,6%
Önnur innlend skuldabréf	6,6%	1,4%	10,8%	-8,3%	5,9%
Erlend skuldabréf	0,0%	1,0%	23,6%	-16,2%	-1,3%
Skammtímaabréf	-2,7%	6,3%	6,3%	-12,6%	7,8%

Skýringar:

1. Raunávöxtun á meðaltali hreinnar eignar m.v. vísitölu neysluverðs.
2. Rekstrarkostnaður, fjármagnsgjöld og heildarkostnaður í hlutfalli af meðaltali hreinnar eignar.
3. Hlutfallsleg skipting á eignum sjóðsins í mismunandi eignaflokka í árslok.
4. Skipting á öllum eignum sjóðsins í íslenskar krónur og erlenda gjaldmiðla án tillits til gjaldeyrisvarna.
5. Hlutfallsleg skipting á lífeyrisgreiðslum sjóðsins milli einstakra lífeyristegunda.
6. Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum
7. Heildarfjöldi sjóðfélaga, sem greiddi til sjóðsins á árinu.
8. Heildareignir sjóðsins (eign í lok árs + verðmæti framtíðariðgjalda) í hlutfalli við heildarskuldbindingar hans skv. tryggingafræðilegri úttekt.
9. Eignir í lok árs í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar í lok árs skv. tryggingafræðilegri úttekt.